

Silungur - eldisstöð ehf.
Pósthólf 44
276 Mosfellsbær

Reykjavík, 18. ágúst 2021
UST202009-252/F.T.
08.12.02

Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 17. mars 2021 þar sem stofnunin áformaði að leggja dagsektir á rekstraraðila vegna fráviks er fram kom í eftirliti hjá eldisstöð rekstraraðila í Laxalóni þann 17. maí 2019.

Frávikið var eftirfarandi:

- 1. 6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. grein reglugerðar 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.** Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf gilt starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun eða viðkomandi heilbrigðisnefnd. Rekstur í stöðinni var án starfsleyfis.

Umhverfisstofnun gaf út starfsleyfi fyrir Silung – eldisstöð ehf. þann 1. júlí 2021 og telst frávikinú því lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 264.000 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur